



Fréttatilkynning

17 November 2023 14:00:00 GMT

Arion banki hf.: Útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum

Arion banki verður með lokað útboð á nýjum verðtryggðum flokki almennra skuldabréfa (e. senior preferred) þann 6. desember nk.

Skuldabréfin verða gefin út til 5 ára og bera fasta verðtryggða vexti með vaxtagreiðslum tvisvar á ári. Lokagjalddagi er 15. desember 2028.

Útboðið verður haldið þann 6. desember 2023 með uppgjöri og skráningu á Nasdaq Iceland þann 15. desember nk.

Útgáfan verður gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast hér: [EMTN grunnlýsing](#)

Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið skuldabrefamidun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 6. desember 2023.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eiríkur. jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum](#)